

Efnafræði	20%
Líffærafræði	20%

Einkunn fyrir hvert námskeið er gefin með tveimur aukastöfum, frá 0,0-10,0. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus fæst með því að leggja saman einkunnir úr einstökum námskeiðum, sem þannig hafa verið vegnar. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun stúdenta varðandi áframhaldandi nám.

Stefnt er að því að einkunnir úr samkeppnisprófi að loknu haustmisseri 1. námsárs hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands verði birtar fyrir 10. janúar.

4. gr.

Sjúkrapróf o.fl.

Sjúkrapróf verða haldin, ef nauðsyn krefur, svo fljótt sem auðið er. Að öllu jöfnu er stúdentum ekki veitt námsleyfi á fyrsta námsári.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 127. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUR

um breytingu á reglum um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrabjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

5. gr. reglna nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrabjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands, sbr. 1. gr. reglna nr. 134/2002, breytist og verður svo hljóðandi:

Framkvæmd og námsefni í inntökuprófi.

Undirbúningur fer fram af hálfu læknadeildar í samstarfi við kennara framhaldsskóla. Prófið tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próftímum hvorn daginn, eða 12 klst. alls.

Í stað hefðbundinna viðtala, sem víða tíðkast við inntöku nýnema, verður prófið að hluta til mat á almennri þekkingu, nálgun og úrlausn vandamála svo og spurningar um siðfræðileg álitaefti. Tveir tveggja tíma próftímar verða nýttir fyrir þennan hluta er gildir 30% af heild. Í þeim hluta er um að ræða krossapróf og stuttar ritgerðir. Þessi prófþáttur byggir ekki á ákveðnu námsefni.

Hinir próftímarnir fjórir verða fyrir krossapróf eingöngu (70% hluti) með tveimur mínútum að meðaltali fyrir hverja spurningu, eða samtals 240 spurningar.

Sá hluti miðast við námsefni framhaldsskóla, svo sem lýst er hér á eftir. Áfangar sem mælt er með til undirbúnings, er lýst í „Aðalnámskrá framhaldsskóla - almennum hluta, 1999“.

Í fyrsta sinn (árið 2003) verður einkum miðað við þá áfanga sem eru í kjörnum mála-, náttúrufræði- og félagsfræðibrauta. Áherslur einstakra greina, úr ráðlögðum áföngum geta síðar orðið mismunandi frá einu ári til annars.

Þeir áfangar sem lagðir eru til grundvallar fyrir prófið eru eftirfarandi:

- a) Eðlisfræði, EÐL 103, 203
- b) Efnifræði, EFN 103, 203, 303, 313
- c) Enska, ENS 103, 203, 303, 403
- d) Félagsfræði, FÉL 103
- e) Íslenska, ÍSL 102, 202, 212, 303, 403, 503
- f) Náttúruvísindi, NÁT 103, 113, 123, LÍF 103, LÍF 203
- g) Saga, SAG 103, 203
- h) Stærðfræði, STÆ 103, 203, 303, 403, 503
- i) Tölfræði, STÆ 313
- j) Sálfræði, SÁL 103

Læknadeild tilnefnir umsjónarmenn með samningu prófsins og til að fara yfir prófúrlausnir. Háskólaректор skipar, að fengnum tillögum læknadeildar, prófdómara einn eða fleiri eftir atvikum.

Þar sem ekki er um að ræða krossapróf dæma umsjónarmenn annars vegar og prófdómari hins vegar úrlausnir og gefa sjálfstætt einkunn fyrir úrlausnir. Endanleg niðurstaða er meðaltal þeirra einkunna.

Lágmarkseinkunn er 5,0. Einkunnir verða reiknaðar með tveimur aukastöfum.

Próf verða síðar aðgengileg á netinu.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að tillögu Félags íslenska framhaldsskóla, með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 2. júlí 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um skipulagsbreytingu við Klettás í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 27. júní 2002 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Klettás 7-11 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Í breytingunni felst að fjölgað verður um eina íbúð á lóðinni þ.e. í stað þriggja íbúða í raðhúsi verða nú fjórar við Klettás 7, 9, 11 og 11a.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 8. júlí 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.